

reiðaeftirlitið hafði bannað að nota, m. a. vegna þess að „spindil“-boltar hennar voru slitnir, þá ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Sigurgesi Guðjónssyni og Sigurþóri Guðjónssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Mjólurfélag Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingimars Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 22. janúar 1965.

Nr. 9/1965. **Sigurður Gústaf Kjartansson**  
 gegn  
**Guðmundi Guðjónssyni.**

Dó m e n d u r :

**hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Kærumál. Sáttir.

### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. desember 1964 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1964, þar sem málinu er vísað frá dómi ex officio.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hendi varnaraðilja hafa dóminum eigi borizt kröfur né greinargerð.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 13. janúar 1965.

Mál þetta var dómtekið í þinghaldi 1. október 1964, en þá var ekki sótt þing af hálfu stefnda, sem hafði ekki skil- að greinargerð. Dómur var uppkveðinn 23. s. m. Sóknar- aðili fékk ekki vitneskju um dóminn fyrr en eftir 9. desem- 1964. Er málið kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 57/1962.

Samkvæmt stefnu málsins á sóknaraðili lögheimili að Brimnesi, Árskógsströnd í Eyjafjarðarsýslu, en varnaraðili í Reykjavík. Er mál þetta því undanþegið sáttatilraun fyrir sáttamönnum samkvæmt lögum nr. 46/1950. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hér- að til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur. Er málinu ví- að heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Sigurðar Gústafs Kjartansson- ar, á hendur varnaraðilja, Guðmundi Guðjónssyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Sigurður Gústaf Kjartansson, Brimnesi, Árskógsströnd, Eyjafirði, höfðað fyrir bæj- arþinginu með stefnu, birtri 24. apríl 1964, gegn Guðmundi Guð- jónssyni, Bergstaðastræti 10 C, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 14.000.00, með 8% ársvöxtum frá 1. september 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera bætur vegna samningsrofa um kaup á bifreið.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn stefnukröfunum. Mál þetta hefði átt að leggja til sátta fyrir sáttanefnd, en það hefur ekki verið gert, og ber því að vísa málinu frá dómi ex officio, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Uppkvaðning dómsins hefur dregizt vegna mikilla anna dóm- arans. Málskostnaður fellur niður.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

---

Miðvikudaginn 27. janúar 1965.

Nr. 153/1964. **Bjarni Hjaltalín** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Rafveitu Akureyrar og gagnsök**

(Kristján Eiríksson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hann hafði fengið gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 18. september s.l. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 421.829.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. janúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði verulega lækkaðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.